



Rétturinn til byltingar



John Locke

... þar sem löggjafarvaldið byggist aðeins á umboði til að sinna ákveðnum markmiðum, þá hefur þjóðin enn hið æðsta vald til að setja löggjafarvaldið af eða breyta því ef henni þykir það hafa brugðist trausti sínu og ekki starfa í samræmi við það umboð sem því var fengið. Því allt vald sem byggist á *umboði*, sem valdhafanum hefur verið treyst fyrir til að hann vinni að einhverjum ákveðnum *markmiðum*, takmarkast við þessi markmið þannig að vanræki valdhafinn þau eða vinni gegn þeim, þá hlýtur hann að *glata traustinu* sem honum var veitt. Við það flyst valdið aftur til þeirra sem veittu honum umboðið, og þeir geta þá ráðstafað því að nýju á þann hátt sem þeir telja best tryggja öryggi sitt.

John Locke, *The Second Treatise of Civil Government*, §149, 1690



Thomas Jefferson

„Við teljum það vera augljóst að allir menn eru skapaðir jafnir, að Skapari þeirra hafi veitt þeim ákveðin ófrávíkjanleg réttindi, sem m.a. eru rétturinn til lífs, frelsis og hamingju. Til að tryggja þessi réttindi fela þegnarnir stjórnvöldum réttlát völd í hendur. Hvenær sem stjórnvöld grafa undan þessum grundvallarréttindum á fólkið rétt á því að breyta stjórnvöldum eða afnema þau og koma á nýju stjórnvaldi sem byggt er á þessum grundvallarreglum. Fólkið á rétt á því að skipuleggja hið nýja stjórnvald með þeim hætti sem því sjálfu þykir líklegast að tryggi öryggi þess og hamingju.“

Thomas Jefferson, the Declaration of Independence, 1776.